

Nd.

400. Frumvarp til laga

[221. mál]

um búnaðarmálasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 104. löggjafarþingi 1981—82.)

1. gr.

Greiða skal gjald af vöru- og leigusölu í landbúnaði og rennur það í sjóð, er nefnist búnaðarmálasjóður. Gjald þetta, er nefnist hér búnaðarmálasjóðsgjald, skal reiknast í hlutfalli af því verði, sem framleiðendum er greitt á hverjum tíma. Tekjur sjóðsins skulu ár hvert skiptast að jöfnu milli búnaðarsambandanna annars vegar og Stéttarsambands bænda hins vegar, er hvort fyrir sig ráðstafar sínum hluta til nauðsynjamála bændastéttarinnar vegna verkefna þeirra, er þau hafa með höndum. Búnaðarfélag Íslands skiptir milli búnaðarsambandanna því fé, er fellur í hlut þeirra, með hliðsjón af áætluðu framleiðslumagni héraðanna af gjaldskyldum vörum og leigu.

2. gr.

Vöru- og leigusala í landbúnaði skiptist í 2 gjaldflokka.

Af afurðum þessara búgreina skal greiða 0,25% gjald:

- a) Alifugla- og svínarækt.
- b) Fiskeldi, fiskrækt, land- og veiðileigu.

Af afurðum annarra búgreina en áður eru nefndar skal greiða 0,50% gjald, þ. á m.:

- a) Nautgripaafurðum úr sláturhúsum, mjólkurbúum og heimaunnum.
- b) Sauðfjárafurðum úr sláturhúsum og heimaunnum.
- c) Garð- og gróðurhúsaafurðum hvers konar.
- d) Afurðum hrossa.
- e) Sölu lífgripa, skógarafurðum, hlunnindum o. fl.

Með reglugerð skal ákveða nánar gjaldstofn hverrar búgreinar.

3. gr.

Búnaðarmálasjóðsgjald það, er um ræðir í 1. gr., greiðist af þeim, sem kaupa eða taka við vörunum frá framleiðendum sem milliliður að smásölu dreifingu og kemur til lækkunar á verði því, sem framleiðendum er ætlað. Þeir framleiðendur, sem selja vöru sína án milliliða til neytenda eða til smásöluaðila, skulu standa skil á gjaldinu. Aldrei má hækka verð vöru eða leigu vegna gjaldsins.

Skylt er viðskiptaaðilum og framleiðendum, sem greiðsluskyldir eru hverju sinni fyrir gjaldi þessu, að gefa innheimtuaðila skýrslu um móttækið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, svo sem reglugerð mælir fyrir um.

Ráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð um innheimtu, útreikning, gjalddaga þessa gjalds og önnur atriði, er lög þessi varða, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda og Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem annast innheimtu gjaldsins.

Gjald þetta má taka lögtaki.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1982. Frá þeim tíma eru felld úr gildi lög nr. 38 frá 15. febr. 1945 um stofnun búnaðarmálasjóðs og breytingar á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dags. 30. júní 1980 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til að endurskoða lagaákvæði um sjóðagjöld landbúnaðarins, sem innheimt eru til Stofnlánadeildar landbúnaðarins og búnaðarmálasjóðs.

Nefndin hefur skilað álit og leggur til, að lög um búnaðarmálasjóð frá 15. febr. 1945 verði endursamin til lagfæringar á atriðum sem orðin eru úrelt vegna breytinga á verslunarfamleiðsluháttum í landbúnaði og nýrra búgreina.

Lög um búnaðarmálasjóð eru höfð til grundvallar við ákvörðun á gjaldstofni við álagningu á gjöldum til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, Lífeyrissjóðs bænda, sbr. l. nr. 101 frá 28. des. 1970, og til Bjargráðasjóðs, sbr. l. nr. 51 frá 26. maí 1972. Verði þetta frumvarp að lögum, mun það ákveða þennan gjaldstofn, en svo sem frumvarpið ber með sér, veldur það engum teljandi breytingum á gjaldskyldu til umræddra sjóða eða stofnunar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Greinin er að meginefni til óbreytt. Tekið er fram að gjaldskylda sé af leigu- og vörusölu í landbúnaði, sem er breytt orðalag frá gildandi lögum. Þá er heimilt að innheimta gjaldið jafnóðum og greiðslur fara fram til bænda, en það er óhjákvæmilegt, þar sem vélabókhald er. Lögín fela í sér ákvörðun um, hvert sé hlutfall búnaðarmálasjóðsgjaldsins, sem hefur verið gert með reglugerðarsetningu fram til þessa. Gjaldið er hið sama og innheimt er í dag eða 0,5% af tilskildum gjaldstofni á aðrar búgreinar en alifugla- og svínarækt, fiskeldi, fiskrækt og land- og veiðileigu, en þar er gjaldið helmingi lægra að hlutfalli eða 0,25%.

Um 2. gr.

Orðalag í gildandi lögum er orðið úrelt vegna breyttra vinnslu- og viðskiptahátta með búvöru. Þá er einnig gerð sú breyting að í stað þess að gefin sé heimild til gjaldtöku í búnaðarmálasjóð af afurðum alifugla, svína og hrossa og annarra aukabúgreina, eru þessar afurðir gjaldskyldar á sama hátt og afurðir sauðfjár og nautgripa og garð- og gróðurhúsaframleiðsla.

Um 3. gr.

Efnislega er þessi grein óbreytt frá gildandi lögum. Nánar er kveðið á um innheimtufyrirkomulag og hverjir aðilar eru gjaldskyldir, vegna þeirra breytinga á viðskiptaháttum með landbúnaðarafurðir, sem orðið hafa frá setningu gildandi laga.

Um 4. gr.

Parfnast ekki skýringa.